

Alþingi  
Erindi nr. P 138/944  
komudagur 22.1.2010

Reykjavík 21. janúar 2010  
Tilv. FLE 2-2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

**Málefni:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um  
bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum, 219 mál.

Með vefpósti dags. 28. desember s.l. óskaði Viðskiptanefnd Alþingis eftir  
umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar  
FLE.

Álitsnefndin tók málið til umfjöllunar og gerir meðfylgjandi athugasemdir við  
frumvarpið:

4.grein

Við bætist ný málsgrein (3.málsgrein), sem hljóði svo:

Áritun endurskoðanda skal vera í samræmi við það sem fram kemur í lögum um  
endurskoðendur nr. 79/2008.


6.grein

Fyrsti málslíður greinarinnar falli niður að málslíðnum “Áritun endurskoðanda  
telst hluti...”.

Með þeirri viðbót sem nefndin leggur til við 4. grein frumvarpsins, þá er þegar  
búið að tilgreina á hvern hátt skuli árita.

Almenn athugasemd:

Nefndin telur almennt óheppilegt að í lögum sé notað orðalagið að “semja  
ársreikning”. Eðlilegra sé að nota orðalagið að “gera ársreikning”.

Virðingarfyllst,  
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda  
  
Sigurður B. Arnþórsson  
Framkvæmdastjóri FLE